

FERLAUFUNGUR


Fréttabréf flóruvina

Áhugamannahóps um verndun og rannsóknir á íslensku flórunni

Flóruvinir

Bréfið sem sent var til um 125 gróðurvina vítt og breitt um landið í síðastliðnum mánuði, virðist hafa hitt í mark. Við höfum fengið mikil og góð viðbrögð, og hópurinn okkar stækkar óðum, telur nú 96 manns. Í næsta fréttabréfi munum við væntanlega birta félagatal, svo auðveldara sé fyrir menn að hafa samband sín á milli.

Margar tillögur bárust um nafn á félagið, samtals 20 mismunandi nöfn. Flest atkvæði fengu nöfnin flóra eða flóran, flóruvinir og gróðurvínir. Við höfum valið að nota nafnið **Flóruvinir**. Okkur finnst það lýsa best viðfangsefninu.



Eins og við er að búast eru flóruvinir nokkuð misdreifðir um landið enn sem komið er samanber meðfylgjandi útbreiðslukort. Töluverð hnappdreifing er á þéttbýlustu svæðunum, og nokkrar eyður á Vesturlandi, Norðausturlandi og Suð-


austurlandi. En það stendur vonandi til bóta.

Þekking á plöntunum er að sjálfsögðu á misjöfnu stigi. Nokkrir þátttakendur eru mjög færir og þekkja flestar íslensku plönturnar. Aðrir þekkja mikið af blómjurtum en minna af grösum og störum, en sumir eru byrjendur, nýbúinir að verða sér úti um greiningarbækur og ætla að læra að greina plönturnar í sumar. Því væri áhugavert ef flóruvinir á sömu slóðum hefðu tækifæri til að hittast og leiðbeina hver öðrum.

Við höfum þegar fengið með sumum bréfunum verðmætar upplýsingar um nýja fundarstaði fágætra plantna, svo að árangur byrjar strax að skila sér áður en starfið er hafið. Til dæmis fengum við fregnir um skollaber yfir Strandhafnarbjörgum út með Vopnafirði frá Þorsteini Bergssyni bónda á Unaósi. Frá þeim stað voru engar upplýsingar til í okkar gagnagrunni.

Steindór Steindórsson grasafraeðingur hafði farið að Strandhöfn á sínum ferðum eins langt og vegur lá, og Helgi Jónasson bóndi frá Gvendarstöðum í Kinn skildi eftir sig ritaðar upplýsingar frá Viðvík og Viðvíkurdal á Digranesi, en þar á milli voru engar heimildir til.

Þetta er þriðji fundur skollaberja á Austurlandi. Áður var vitað um þau á Ketilsstöðum í Jökulsárhlíð (Steindór Steindórsson 1952) og við Minnidali sunnan Dalatanga (Hörður Kristinsson 1988). Útbreiðslukort skollaberja er sýnt á næstu síðu.



Gagnagrunnur

Á síðustu áratugum hefur smátt og smátt verið byggður upp gagnagrunnur um íslenskar plöntur sem nú er varðveittur á Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri. Efni í hann eru bæði prentaðar heimildir, plöntur í opinberum plöntusöfnum, handritasöfn, og spjaldskrá yfir upplýsingar sem safnað hefur verið á vettvangi án þess að hafa birst á prenti.

Í gagnagrunninum eru eftirfarandi upplýsingar geymdar um plöntufundi: Tegund plöntu, staðsetning hennar, ártal fundar, nafn finnanda, hæð fundarstaðar yfir sjávarmáli, og í athugasemdadálki er tekið fram ef plantan vex við jarðhita, í túni, í garði eða öðru ræktuðu landi.

Úr gagnagrunninum er hægt að finna og prenta út alls konar upplýsingar, t.d. skrá yfir allar plöntur á ákveðnum stað eða svæði, skrá yfir alla fundarstaði plöntu á landinu, eða útbreiðslukort sem sýna hvar plantan vex á landinu. Gagnagrunnurinn er einkum notaður af þeim sem eru að vinna að umhverfismati vegna ýmissa framkvæmda, vinna að skipulagsmálum, undirbúa friðun eða verndun lands, eða eru að vinna að ritgerðum um plöntur eða náttúruvernd.

Enn sem komið er eru fyrirliggjandi upplýsingar fremur grófar. Söfnun gagna hefur fram að þessu beinst að því að fá sem fyllstar upplýsingar á grunni 10 x 10 km reitkerfis. Því er nú nánast lokið og gefur ágæta heildarmynd ef við erum að skoða landið allt. Fyrir alls konar skipulagsvinnu og umhverfismat er hins vegar þörf á mun nákvæmari upplýsingum eftir þéttriðnara neti. Ef við ætlum að skoða ítarlega lítið svæði, gefur gagnagrunnurinn oft mjög

takmarkaðar upplýsingar. Því verður lengi þörf á að bæta í hann meiri upplýsingum með nákvæmari staðsetningum.

Hugmyndin er að nýta þær upplýsingar, sem flóruvinir kring um landið geta lagt fram, og skrá þær inn í gagnagrunninn undir þeirra heimildarnafni. Að sjálfsögðu verður einnig að leggja visst mat á áreiðanleika heimildanna, og fá þær staðfestar ef ástæða þykir til.

Hvernig geta flóruvinir hjálpað?

Eins og gefur að skilja eru aðstæður flóruvina mjög ólíkar. Þekkingin er á mismunandi stigi, staðsetning þeirra á landinu er mismunandi, og aðstæður til ferðalaga sömuleiðis. En það eru líka margar og ólíkar leiðir til þess að hjálpa til, og því er rétt að hver og einn skoði möguleikana og velji sér verkefni við hæfi, og noti þær aðferðir sem honum hentar best.

Hlutverk okkar sem tókum á móti upplýsingunum verður hins vegar útvega flóruvinum hjálpargögn eftir þörfum. Það getum við gert með því að útvega spjöld sem flóruvinir geta notað til að fylla út upplýsingar á og endursenda útfyllt, og einnig með því að láta í té upplýsingar um hvaða þekking er fyrir hendi á því svæði sem flóruvinir vilja skoða, og hvaða plöntur vantar upplýsingar um. Þetta hyggjumst við gera með tvennum hætti: Annars vegar smátt og smátt með upplýsingum í fréttabréfi til allra sameiginlega, en einnig á einstaklingsgrundvelli eftir óskum og þörfum hvers og eins. Því viljum við biðja flóruvini, þegar þeir eru búnir að átta sig á því hvaða upplýsingar við getum látið þeim í té úr gagnagrunninum, og hvers þeir þarfnast, að láta í sér heyra (í bréfi, tölvupósti, síma eða faxi) og vita hvort við getum ekki uppfyllt óskir þeirra.

Þeir sem minnst þekkja af plöntum gætu valið sér auðveldar tegundir sem þeir eru öruggir með að greina t.d. skollakamb, skjaldburkna, jöklasóley, ferlaufung, maríuvönd, blákollu, rauðsmára, þistil, klettafrú, brönugrös o.s. frv.) og skráð hjá sér alla fundarstaði sem þeir finna þessar plöntur á. Til þess höfum við sérstök spjöld, **fundarstaðaspjöld**, þar sem aðeins ein tegund er skráð á hausinn, en síðan

má safna smátt og smátt allmörgum fundarstöðum fyrir þessa tegund á sama spjaldið.

Þeir sem meira þekkja, og ætla að velja sér þrengra svæði t.d. eina bújörð til að vinna á, gætu látið senda sér lista yfir þær plöntur sem vitað er um á svæðinu, og kappkostað að bæta við þann lista. Þeim henta líklega svokölluð **flóruspjöld**, sem merkt eru ákveðnum stað. Á þau eru prentuð nöfn flestra plantna, og því auðvelt að merkja við þær plöntur sem finnast á þeim ákveðna stað sem skráður er á haus þeirra. Fram að þessu höfum við notað flóruspjöld með hinum latnesku nöfnum plantnanna, en við erum að útbúa spjöld með íslensku nöfnunum í stafrófsröð. Sýnishorn þessara spjalda fylgir með þessu fréttabréfi, svo að flóruvinir geti haft samband við okkur og pantað þau spjöld sem þeim hentar. Mjög sjaldgæfar plöntur vantar á spjaldið til að spara rými. Ef menn finna þær má bæta þeim við aftan á spjaldið.

Þeir sem þekkja nær allar blómplöntur, að ég tali nú ekki um ef þeir þekkja grös og starir líka, mundu hugsanlega vilja fara lengri gönguferðir á fáfarna staði, þar sem enginn hefur áður skráð nokkrar plöntur, og gera heildarlista yfir allar plöntur á þeim stað. Fyrirhugað er að útbúa kort sem sýni stærstu vankönnuðu svæðin, og verður það hugsanlega birt í næsta fréttabréfi.

Ef vandamál koma upp með að greina einstakar tegundir, má safna sýnishorni til þurrkunar, merkja með staðsetningu og tíma, og láta greina síðar. Til dæmis mætti búa um slíkar plöntur milli stinnra spjalda og senda okkur í pósti til greiningar

Staðsetning

Þegar við finnum athyglisverða plöntu og teljum ástæðu til að koma upplýsingum um hana á framfæri, þurfum við bæði að geta tímasett fundinn og skrá sem nákvæmast hvar jurtin er fundin. Varðandi tímasetningu er mest áriðandi að árið sé skráð, en sjálfsagt er að skrá dagsetningu líka sé hún þekkt.

Skráning staðsetningar getur verið með mismunandi móti. Elsta aðferðin er að

nota örnefni af korti og hugsanlega stutta staðháttarlýsingu. Þar sem nóg er af nöfnum í landslaginu getur slík staðsetning alveg verið fullnægjandi.

Ef kort er meðferðis er oft gott að merkja staðinn inn á kortið, og þá er hægt að mæla út staðinn og skrá lengd og breidd staðarins þegar heim er komið.

Stundum eru notuð reitkerfi til að skrá staðsetningu. Hér á landi hefur nokkuð verið notað 10 x 10 km reitkerfi sem lýst er í Náttúrufræðingnum árið 1970 bls. 58. Þar eru leiðbeiningar um hvernig má teikna reitkerfið inn á kort og hvernig reitirnir eru tölusettir. Svo gróft reitkerfi er þó ófullnægjandi eitt sér til að skrá staðsetningu vegna þess hve reitirnir eru stórir. Hins vegar má skipta þessum stóru reitum niður í 2 x 2 km reiti eða 1 x 1 km reiti, merkja þá eftir ákveðnum reglum og nota síðan til staðsetningar. Til þess að nýta sér þessa möguleika, verða menn að verða sér úti um kort í mælikvarða 1:100.000 eða 1:250.000 og teikna reitkerfið inn á. Þeim sem vinna á litlu svæði getum við einnig sent ljósrit af reitkerfi þess svæðis í pósti.

Nákvæmasta og þægilegasta aðferðin er að nota GPS-staðsetningartæki. Lítil GPS-tæki sem henta í handfarangur eða bakpoka kosta um 15 til 20 þús. krónur. Eftir þeim er hægt að skrá nákvæma staðsetningu. Hægt er að stilla þau á mismunandi einingar. Algengast er líklega að nota gráður og mínútur eins og er á kortunum, en einnig má stilla þau á tugabrot úr gráðum (decimal degree).

Við á Náttúrufræðistofnun notum þessa síðastnefndu einingu þegar skráð er í gagnagrunn fyrir útbreiðslu plantna. Þess vegna finnst okkur handhægast að stilla tækin á tugabrot úr gráðum svo hægt sé að nota upplýsingarnar beint inn í gagnagrunninn án umreikninga.

Hvaða upplýsingar vantar?

Algengar plöntur. Stór hluti, um 40% íslensku flórunnar eru plöntur sem eru algengar nánast um allt land. Skráning þeirra er þá helst áhugaverð, ef farið er á svæði sem ekkert hefur verið skráð á áður.

Eins og áður segir frá, höfum við í hyggju að gera kort sem sýni staðsetningu þessara svæða. Frá slíku svæði er gott að frá heildarlista án tillits til hvort tegundir eru algengar eða sjaldgæfar.

Sumar algengar plöntur hafa eyður í útbreiðslu sína í ákveðnum landshlutum, og er áhugavert að lita eftir þeim þar. T.d. er Gleym-mér-ei ófundin frá Melrakkasléttu suður fyrir Digranes, njóli er óskráður frá Kópaskeri austur að Þórshöfn, fjalldrapi og slíðrastör eru afar sjaldgæfar frá Þjórsá austur að Skeiðará, og beitilyng er ófundin á Vestfjörðum og V.-Húnavatnssýslu.

Staðbundnar tegundir. Sumar tegundir geta verið mjög algengar á ákveðnu svæði, en sjaldgæfar eða alls ekki utan þess. Dæmi um þær eru gullsteinbrjótur, bláklukka, mariuvöttur, klettafrú og sjöstjarna á Austurlandi; krossjurt á Vestfjörðum; bláklukkulyng við Eyjafjörð; stúfa og selgresi á Suðurlandi. Allir fundarstaðir utan aðalsvæðisins og við jaðar þess geta verið áhugaverðir. Ekki er ólíklegt að sumar þessara tegunda séu smátt og smátt að auka við útbreiðslusvæði sitt.

Sjaldgæfar plöntur. Sjaldgæfar plöntur verða ekki oft á vegi manns, og því eru fáir sem þekkja þær. Þeim mun meiri ástæða er til að vera vel á verði, þegar menn telja sig sjá eitthvað sem þeir hafa aldrei séð áður. Ef ekki er hægt að greina hana á staðnum, eða taka mynd af henni, getur þurft að taka grein, helst með blómum eða aldini, til þurrkunar til að fá hana greinda. Ef vaxtarstaðurinn bendir til að um erlendan slæðing sé að ræða, er allt í lagi að taka sýni, en ef um er að ræða rötgróinn Íslending sem mjög lítið er af á staðnum ætti ekki að gera það. Þetta verða menn að meta eftir staðháttum.

Slæðingar. Erlendir slæðingar, þ.e. plöntur sem hafa borist óviljandi eða viljandi til landsins með mannum, en

dreifast síðan sjálfkrafa, einkum í bæjum og þorpum og á bújörðum, eru oft komnar töluvert víðar en skráð hefur verið. Áhugavert er að fylgjast með og skrá jafnóðum dreifingu þeirra um landið. Dæmi um þessar tegundir eru þistill, hlaðkolla, krossfifill, garðasól, alaskalúpína, skógar-kerfill, akurarfi og margar fleiri.

Ræktaðar plöntur. Plöntur sem eru í ræktun er ástæðulaust að skrá. Hverjum og einum er frjálst að rækta matjurtir, skrautjurtir eða tré í sínum garði án þess að við skiptum okkur af því né hirðum um að skrá það. Ef þessar ræktuðu plöntur eiga það til að dreifa sér sjálfar út úr görðum í villt og óræktað land og fjölga sér þar sjálfkrafa, viljum við fylgjast með því. Slíkar skráningar þarf að merkja sérstaklega svo að það fylgi upplýsingunum að plantan hafi slæðst frá ræktun. Einnig getur komið fyrir að gamlar garðjurtir eins og ljósatvitönn, kornblóm eða regnfang lifi áfram löngu eftir að garður hefur verið yfirgefinn og jörðin komin í eyði. Slíkar plöntur ber einnig að skrá sem slæðinga frá ræktun. Viðja, selja, alaskaösp, stafafura o.fl. trjátegundir eru einnig farnar að sá sér út í villt land, og við viljum gjarnan fylgjast með því.

Há fjallaplöntur. Fjallategundir eins og jöklasóley, dvergsóley, fjallavorblóm, jökla-klukka og fjallhæra eru oft vanskráðar á fjöllum sem fáir fara um. Þótt láglendisplöntur séu vel skráðar á svæðinu er óvíst að farið hafi verið upp á nema eitt fjall til skráningar, en fjallagróður í raun óþekktur á fjöllum í kring.

Þegar þið sendið okkur upplýsingar, ætti fremur að skrá meira en minna. Það er engin skömm að því, þótt inn komi upplýsingar um plöntur sem hafa verið skráðar áður. Það er okkar að meta hvað við setjum í gagnagrunninn og hvað sé óþarft. Hikið ekki við að hafa samband og láta vita hvaða upplýsingar ykkur vantar.

N Á T T Ú R U F R Æ Ð I S T O F N U N Í S L A N D S

Hafnarstræti 97 Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 462 2983 Bréfasími 461 1296
Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 562 9822 Bréfasími 562 0815

